



Lítill fækkun gistinótta á Norðurlandi og Austurlandi í júlí

Takmarkanir á ferðalögum milli landa vegna Covid-19-faraldursins hafa haft mikil áhrif á íslenska ferðapjónustu enda hefur komum erlendra ferðamanna hingað til lands fækkað gríðarlega milli ára. Þessar takmarkanir hafa þó einnig dregið mjög mikið úr ferðalögum Íslendinga til útlanda sem hefur leitt til þess að ferðalög þeirra í sumar hafa nær eingöngu verið innanlands.

Þetta hefur þýtt að íslensk ferðapjónustufyrirtæki hafa fyrst og fremst verið að berjast um íslenska ferðamenn í vor og sumar. Í apríl voru gistinætur Íslendinga á íslenskum hótélum í fyrsta skiptið fleiri en gistinætur erlendra ferðamanna en gögn Hagstofunnar ná aftur til ársins 1997. Frá og með maí hafa gistinætur Íslendinga haldið áfram að vera fleiri en gistinætur erlendra ferðamanna þrátt fyrir að gistinóttum erlendra ferðamanna hafi fjölgað nokkuð eftir því sem dró úr ferðatakmörkunum upp úr miðjum júní.


Tiltölulega lítil fækkun gistinótta á Norðurlandi og Austurlandi í júlí

Segja má að í upphafi faraldursins hafi fækkun gistinótta verið mjög svipuð eftir svæðum. Þannig lá hún á fremur þröngu bili í mars, apríl og maí. Í júní fór að draga í sundur með svæðum hvað fækkunina varðar og í júlí kom í ljós verulegur munur í fækkun gistinótta. Þannig var fækkun gistinótta mest á Suðurnesjum, 74,4% og 73,9% á höfuðborgarsvæðinu í júlí. Þar á eftir kom Suðurland með rúmlega helmingi fækkun. Fækkunin reyndist hins vegar töluvert minni á öðrum svæðum. Á Vesturlandi og Vestfjörðum mældist hún 25,6% en einungis 13,5% á Austurlandi og 8,1% á Norðurlandi.

Gistinætur Íslendinga á Norðurlandi og Austurlandi margfölduðust í júlí


Á Austurlandi og Norðurlandi dróst fjöldi gistinátta erlendra ferðamanna saman um 78% og var það svipað hlutfall og á öðrum svæðum. Gistinætur Íslendinga margfölduðust hins vegar á Austurlandi

Gistinætur á hótélum



Heimild: Hagstofa Íslands

Fækkun gistinátta á hótélum júlí



Breyting frá sama mánuði árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



og Norðurlandi og var aukningin þar mun meiri en á öðrum svæðum landsins. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 674% á Austurlandi og 552% á Norðurlandi í júlí. Til samanburðar var fjölgunin einungis 54% á höfuðborgarsvæðinu og var hún neikvæð um 49% á Suðurnesjum. Þessa fækkun á Suðurnesjum má líklegast rekja til þess að gistinætur Íslendinga þar á síðustu árum hafa fyrst og fremst verið í tengslum við utanlandsferðir þeirra. Á eftir Austurlandi og Norðurlandi var fjölgunin mest á Suðurlandi, 312% og Vesturlandi og Vestfjörðum 203%.


Herbergjanýtingin best á Norðurlandi og Austurlandi

Það þarf því ekki að koma á óvart að herbergjanýtingin hafi verið best á Norðurlandi og Austurlandi í júlí. Nýtingin var 70,8% á Norðurlandi og 73,3% á Austurlandi. Þar á eftir voru Vesturland og Vestfirðir með 55,5% nýtingu. Nýtingin var lægst á Suðurnesjum, 29,1% og höfuðborgarsvæðinu, 34,6%. Nýtingin á Norðurlandi og Austurlandi lækkaði ekki mikið frá fyrra ári en nýtingin í júlí í fyrra var 78,5% á Norðurlandi og 80,8% á Austurlandi. Á öðrum svæðum landsins dróst nýtingin mun meira saman. Mest dróst hún saman á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu.

Framboð hótélherbergja dregst saman á flestum svæðum


Vegna samdráttarins í gistinóttum hafa mörg hótél lokað hjá sér tímabundið og sagt upp starfsmönnum. Framboð hótélherbergja hefur því dregist saman. Til að byrja með dróst framboðið mikið saman og var það einungis 5.778 herbergi í aprílmánuði borið saman við 10.616 herbergi í mars og 10.432 herbergi í apríl í fyrra. Síðan fór framboðið aftur að aukast og var það komið upp í 7.881 herbergi í maí og hefur síðan aukist og var komið upp í 8.547 herbergi í júlí sem er 23% færri herbergi en á sama tímabili í fyrra. Sé litið til júlímánaðar var hlutfallslega mesta fækkunin á höfuðborgarsvæðinu en þar dróst fjöldi herbergja saman um 38,1% miðað við sama mánuð í fyrra. Þar á eftir koma Suðurnes með 17,1% fækkun og Suðurland með 12,3% fækkun. Litlar breytingar hafa orðið á herbergjaframboði á Norðurlandi og

Fjölgun gistinátta Íslendinga á hótélum júlí




Breyting frá sama mánuði árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands

Herbergjanýting á hótélum



Miðað við fyrstu 10 mánuði hvors árs
Heimild: Hagstofa Íslands

Breyting hótélherbergjaframboðs í júlí



Breyting frá sama mánuði árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



Austurlandi. Engin samdráttur varð í framboði
herbergja á Vestfjörðum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.